



Leikskólinn Hraunheimar leitar að deildarstjóra

Ertu drífandi og metnaðarfullur leikskólakennari sem hefur brennandi áhuga á að taka þátt í að leiða og þróa faglegt starf nýs leikskóla?

Leikskólinn Hraunheimar í Þorlákshöfn auglýsir eftir **deildarstjóra** sem hefur áhuga á að taka þátt í mótun og uppbyggingu nýs leikskóla. Hraunheimar er fjögurra deilda leikskóli sem mun opna 1. september 2025. Við leggjum áherslu á að skapa umhverfi þar sem börn læra í gegnum leik, þróa hæfni sína á fjölbreyttum sviðum og verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Hugmyndafræði leikskólans byggir á læsi í víðu samhengi þar sem lögð er áhersla á eftirfarandi læsisþætti:

- ❖ Félags- og tilfinningalæsi
- ❖ Umhverfis- og samfélagslæsi
- ❖ Stafa- og stærðfræðilæsi
- ❖ Heilsulæsi
- ❖ Faglegt læsi starfsmanna og foreldra

Starfsmenn leikskólans munu vinna saman í teyllum, þvert á deildir með það að markmiði að efla faglegt læsi starfsmanna, viðhalda og þróa stefnu leikskólans og byggja upp öflugt lærdómssamfélag innan leikskólans þar sem allir starfsmenn hafa rödd og fá tækifæri til að læra hverjir af öðrum.

Hægt er að lesa meira um hugmyndafræði Hraunheima [hér](#).

Um er að ræða 100% stöðu og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf **15. ágúst** næstkomandi. Öll kyn eru hvött til að sækja um.

Helstu verkefni og ábyrgð

- ❖ Leiða faglegt starf deildarinnar í samræmi við stefnu Hraunheima.
- ❖ Skipuleggja, stýra og fylgja eftir starfi á deildinni í samstarfi við stjórnendur leikskólans
- ❖ Tryggja að leikurinn sé í forgrunni náms og þroska barna
- ❖ Vinna með einstaklingsmiðaða nálgun og stuðla að vellíðan og þroska allra barna á deildinni.
- ❖ Vinna náið með foreldrum og veita þeim upplýsingar um þroska og líðan barna sinna.
- ❖ Skrá og meta nám barna og stuðla að gæðastarfi á deildinni.
- ❖ Utan um hald og skipulag á teymisvinnu starfsmanna á deildinni í samstarfi við leikskólastjóra, ásamt því að sitja í teymi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- ❖ Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf til kennslu í leikskóla.
- ❖ Reynsla af starfi í leikskóla skilyrði.
- ❖ Sterk leiðtogaþæfni, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi
- ❖ Áhugi á nýsköpun í leikskólastarfi og faglegri þróun.

- ❖ Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í teymi.
- ❖ Vilji og geta til að vinna í anda læsi í víðu samhengi með leikinn sem námsleið.
- ❖ Gott vald á íslensku, kunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti.

Við bjóðum

- ❖ Einstakt tækifæri til að móta og þróa faglegt starf í nýjum leikskóla.
- ❖ Góðan stuðning í starfi, tækifæri til símenntunar og faglegs vaxtar.

Fáið ekki starfsmaður með leyfisbréf til kennslu, kemur til greina að ráða háskólamenntaðan einstakling eða einstakling með reynslu af starfi með börnum, sbe. Lög nr 95/2019.

Skilyrði að viðkomandi geti framvísað hreinu sakavottorði.

Ef þú vilt taka þátt í að byggja upp framsækinn leikskóla með sterka menntastefnu, þá er þetta tækifærið fyrir þig!

Umsóknarfrestur er til 18. apríl 2025.

Nánari upplýsingar veita:

Hrafnhildur Hlín, leikskólastjóri, og Jóhanna Margrét, sviðstjóri Fjölskyldu- og fræðsluviðs í síma 480-3800 eða í tölvupósti á hrafnhildurh@olfus.is / jmh@olfus.is

Komdu og vertu hluti af framsæknu og skapandi teymi í Hraunheimum!